

75

2. apríl

AUGLÝSING

um viðauka við reglur um innheimtu útsvara í Ísafjarðarkaupstað á tímabilinu
1. marz til 1. maí 1943, frá 11. marz 1943.

Kaupgreiðendum ber skylda til að halda eftir af kaupi starfsmanna til útsvars-
greiðslu, samkvæmt þessum reglum, á sama hátt og með sömu viðurlögum og gilda
um almenna útsvarsinnheimtu.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, samkvæmt
lögum 26. febrúar 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinn-
heimtu árið 1943, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

76

2. apríl

REGLUGERÐ

um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla.

1. gr.

Bannað er, án leyfis hernaðaryfirvaldanna, að taka ljósmyndir af flugsvæðum,
flugvöllum, byssustæðum, loftvarnastöðvum, strandvarnabyssustöðvum, höfnum eða
skipalægjum (sérstaklega í Reykjavík, Akureyri og Seyðisfirði), herskipum eða
flutningaskipum hersins, loftskeytastöðvum og öllum hernaðarstöðvum svo og af
öllum bannsvæðum hersins, þeim sem nú eru (svo sem í Hvalfirði, Reykjanesi og
Seltjarnarnesi) eða síðar kunna að verða ákveðin.

2. gr.

Sérhver farþegi eða starfsmaður á skipi, sem siglir í íslenskri landhelgi, skal
afhenda skipstjóra, þegar er hann er kominn á skip, eða er skip siglir inn í íslenska
landhelgi, ljósmyndavélar, er hann kann að hafa í vörzlum sínum og skal skipstjóri
geyma þær þar til aðili stígur af skipsfjölnum, eða skip siglir út úr landhelgi Íslands.

3. gr.

Inn á bannsvæði herstjórnarinnar á Gróttutanga (Seltjarnarnesi), Hvalfirði og
Reykjanesi, svo og þau svæði, sem síðar kunna að verða auglýst sem bannsvæði, má
enginn fara með ljósmyndavél nema hún hafi verið innsigluð tryggilega af hlutað-
eigandi yfirvaldi (lögreglustjóra, bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra).

4. gr.

Ef maður raskar innsigli á ljósmyndavél, innan bannsvæðis, sbr. 3. gr., þá varðar
það við 113. gr. almennra hegningarlaga, nr 19 12. febr. 1940.

Brot á öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða varðhaldi, ef
miklar sakir eru.

Ljósmyndavélar, sem notaðar eru eða farið er með andstætt fyrirmælum laga 76 þessara, má gera upptækar með dómi.

2. apríl

5. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla frá 17. marz 1943, öðlast þegar gildi og gildir meðan núverandi stýrjöld stendur, og birtist reglugerðin hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Dómsmálaráðuneytið, 2. apríl 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

77

um innflutning og gjaldeyrisverzlun.

3. apríl

Samkvæmt heimild í lögum nr. 1 16. janúar 1943, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um innflutning og gjaldeyrisverzlun.

1. gr.

Engar vörur, þar með talin skip og önnur farartæki, má flytja til landsins án leyfis Viðskiptaráðs.

Leyfis Viðskiptaráðs þarf þó ekki til þess að flytja til landsins:

1. fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem toleftirlitsmenn telja farangur þenna til eigin afnota farþeganna á ferðalaginu;
2. íslenzkar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum og þær voru sendar í héðan, og þeim fylgir vottorð erlendra tollstjórnar um það, að varan sé komin í erlent tollumdæmi héðan og send þaðan í sömu umbúðum og hún kom þangað;
3. vörur, sem ætlaðar eru til afnota sendiherra erlendra ríkja og annarra, sem samkvæmt venju njóta hér tollfrelsis, eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Hver sá, er flytja vill vörur til landsins, skal senda Viðskiptaráði umsókn um það með hæfilegum fyrirvara, og skulu umsókninni fylgja þau gögn og skýrslur, er Viðskiptaráð krefst.

Leyfi, sem Viðskiptaráð veitir til innflutnings, er jafnframt leyfi til þess að láta af hendi gjaldeyri til greiðslu varanna, nema annað sé tekið fram. — Viðskiptaráð getur sett þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem því þykir ástæða til.

3. gr.

Skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annarra farartækja mega ekki afhenda viðtakendum aðfluttar vörur, sem leyfi þarf til að flytja megi hingað til lands, nema með samþykki hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanns hans, en þeir veita ekki slíkt samþykki nema fyrir liggi leyfi Viðskiptaráðs til að flytja vörurnar inn.